




Reykjavíkurborg
Innri endurskoðun



Reykjavík, 13. apríl 2015

IE15030001

3.3.0

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Minnisblað um kynningarmál í kosningum um Betri hverfi

Innri endurskoðun hefur borist eftirfarandi erindi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð óskar eftir því að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fari yfir ábendingar fulltrúa Sjálfstæðismanna um embættisfærslur upplýsingastjóra Reykjavíkurborgar í kynningar- og upplýsingamálum vegna verkefnisins Betri Hverfi. Niðurstöður þeirrar yfirferðar verði kynntar á fundi Stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þegar þær liggja fyrir.


Undirritaður hefur kynnt sér efni málsins og m.a. rætt við borgarritara, skrifstofustjóra skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og upplýsingastjóra um umrædda kynningu á hugmyndum að verkefnum sem kosið var um í rafrænum kosningum um Betri hverfi 2015. Tekið er undir að mikilvægt sé að Reykjavíkurborg geri ekki upp á milli tillagna sem kosið er um í kosningum um Betri hverfi. Reglur um rafrænar kosningar fjalla ekki um hvernig staðið skuli að kynningarmálum en undirritaður er þeirrar skoðunar að við kynningu á vegum Reykjavíkurborgar á tillögum skuli jafnræðis gætt.

Varðandi tillögu upplýsingastjóra og kynningu á vef Reykjavíkurborgar á henni ásamt öðrum er rétt að líta til siðreglna starfsmanna Reykjavíkurborgar en í 1. mgr. 4. greinar þeirra segir: *Starfsfólk forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekur athygli á því ef hættu er á þeim. [...]* Þá segir í 3. mgr. sömu greinar að: *Starfsfólk misnotar ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, [...]*

Yfirmenn starfsmanna bera ábyrgð á því að kynna þeim efni siðareglna og að eftir þeim sé farið í framkvæmd starfa á vegum Reykjavíkurborgar. Í því tilviki sem rakið er í bókun í stjórnkerfis- og lýðræðisráði hefur yfirmaður upplýsingastjóra tekið umrætt atvik sérstaklega

til skoðunar og minnt á þær verklagsreglur sem starfsmönnum ber að starfa eftir hverju sinni. Að mati undirritaðs er um viðeigandi viðbrögð að ræða en minnt er á ábendingu Innri endurskoðunar frá árinu 2010 um mikilvægi þess að sett verði á fót siðanefnd sem fái það hlutverk að fjalla um þau tilvik sem kunna að falla undir ákvæði siðreglna starfsmanna Reykjavíkurborgar. Í því samhengi skal upplýst að *starfshópur borgarráðs um umsjón með úrvinnslu upplýsinga, ábendinga og athugasemda úttektarnefndar borgarstjórnar um stjórnkerfi og stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar* hefur bent á að setja þurfi upp skýrt verklag um hvernig meðhöndla skuli ábendingar er varða siðareglur borgarinnar.

Virðingarfyllst



Hallur Símonarson

Afrit: Borgarritari, Elly K Guðmundsdóttir